

armanna ár hvert á sýslufundi sínum og annan til vara, ef hins missir við á stjórnarárinu. Annan nefndarmann og varanefndarmann kýs hreppsnefnd Grýtubakkahrepps á sama hátt, á þeim fundi sínum, þar sem að lögum ber að kjósa oddvita til næsta fardagaárs. Hinn þriðja nefndarmann og varanefndarmann hans lætur hreppstjóri Grýtubakkahrepps kjósa á hreppaskilabingi vor hvert eptir sömu reglum, sem gilda um kosning hreppsnefndarmanna, en þó þannig, að hvorki sýslunefndarmaður hreppsins nje hreppsnefndarmenn greiði, atkvæði. 157

5. gr.

Stjórnarnefnd ekknasjóðsins hefir á hendi alla framkvæmd, fjárheimtur, fjárveitingar og reikningshald sjóðsins þá 12 mánuði, sem hún er kosin til. Hún kýs sjer sjálf formann og skiptir að öðru leyti nefndarstörfum milli nefndarmanna eptir því, sem hún álitur best haga. Við lok hvers stjórnarárs, semur hún skýrslu yfir gerðir sínar á árinu og reikning um tekjur og gjöld sjóðsins á sama tímabili. Þessa skýrslu ásamt reikningnum sendir hún hreppsnefndinni sem fyrst verða má til rannsóknar og gerir hreppsnefndin við hana þær athugasemdir, er henni kann að þykja ástæða til. Hreppsnefndin sjer því næst um, að skýrslan og reikningurinn sje lesin upp á hausthreppaskilum og sveitarmönnum gefinn kostur á að segja álit sitt um þetta efni. Þar eptir sendir hreppsnefndin sýslunefndinni málið með athugasemdum þeim, er gerðar hafa verið, og úrskurðar sýslunefndin til fullnaðar um þau atriði, er þörf gerist.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á afrjettarlandi undan Kvennabrekku. — Eptir aðr áðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 10. júní þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnsamlegustu tilmælum mínum 30. f. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki til þess að selja megi undan ljensjörðunni Kvennabrekku bóndanum á Háafelli, Benedikt Þórðarsyni, landspildu þá á afrjettarlandinu Geldingadal, er nær frá Merkjahjalla að Djúpadalsgili, fyrir 450 kr., er varðveitast fyrir prestakallið á þann hátt, er stiptyfirvöldin telja tryggilegan, og með því skilyrði að beitarítak það, er hvílir á tjeðri ljensjörð samkvæmt sættagjörningi 13. desbr. 1849, staðfestum af stiptyfirvöldunum 9. marz s. á. falli algjörlega burt við sölu, og að eptirleidis verði farið með hina umgetnu landspildu sem aðrar bændaeygnir að því er snertir alla skatta og skyldur. 158

Þetta undanfelli jeg ekki að tjá yður til þóknanlegar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hlutaðeigendur. 17. okt.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um endurgjald á útfararkostnaði dansks sjómanns. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi, dagsettu 25. apríl þ. á., sent hingað brjef amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um endurgjald til Mosvallahrepps á kostnaði við útför dansks sjó- 159

159 manns eða verzlunarpjóns, Peders Christians Pedersens að nafni, sem var sveit-
22. okt. lægur í Friðrikshöfn. Út af þessu hefir ráðaneytið fyrir Ísland skrifað innan-
ríkisráðaneytinu og beðið það samkvæmt reglum þeim, er hingað til hefir ver-
ið fylgt í viðskiptum milli íslenzkra og danskra framfærslusveita, þegar um
endurgjald á sveitarstyrk hefir verið að ræða, — með því að hin nýju ákvæði
um endurgjald útfararkostnaðar í hinum dönsku fátækralögum frá 9. apríl 1891,
er eigi gilda á Íslandi, virtust eigi geta gert neina breyting á reglum þessum,
— að hlutast til um að hinn umræddi útfararkostnaður, 56 kr. 88 a., verði
greiddur af framfærslusveit hins framliðna, og hefir innanríkisráðaneytið nú
skýrt frá því að það hafi 3. þ. m. skrifað Hjórringsamti þannig:

»Í erindi, sem endursent var með brjefi amtsins, dagsettu 19. f. m., hef-
ir amtmaðurinn yfir Suðuramti og Vesturamti Íslands, kært það, að amtið með
úrskurði sínum, dagsettu 5. febr. þ. á, hefir neitað að leggja fyrir bæjarfjelag
Friðrikshafnar sem framfærslusveit Peders Christians Pedersens, sjómanns eða
verzlunarpjóns, er farizt hafði af slysförum á Íslandi, að endurgjalda Mosvalla-
hreppi á Íslandi kostnað nefnds hrepps út af útför hlutaðeiganda, og hefir amt-
ið í þessu efni skírskotað til þess, að dvalarsveit geti samkvæmt 44. gr. fátækralaganna frá 9. apríl 1891 eigi heimtað útfararkostnað* endurgoldinn af
framfærslusveit, og að það sje sanni næst, að framfærslusveit hjer hafi eigi
meiri skyldu gagnvart sveitarfjelagi á Íslandi, en öðru sveitarfjelagi í hinu
eiginlega konungsríki.

Út af þessu er amtinu hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til
leiðbeiningar og frekari birtingar, að samkvæmt reglum þeim, er hingað til hefir
verið fylgt í viðskiptum danskra og íslenzkra sveitarfjelaga, ber framfærslu-
sveit að greiða að fullu kostnað dvalarsveitar við framfærslu og umönnun þurfa-
manns, og að fátækralögin frá 9. apríl 1891, er eigi eru gildandi á Íslandi,
hafa eigi getað dregið neitt úr þessari skyldu.

Af þessu leiðir, að bæjarfjelagi Friðrikshafnar ber að endurgjalda Mos-
vallahreppi á Íslandi kostnað hans við útför umgetins Peders Christians Peder-
sens, og er kostnaður þessi, samkvæmt reikningi og tveim fylgiskjölum, er hjer-
með endursendast, 56 kr. 88 a.

Þetta er yður, herra landshöfðingi, hjer með þjónustusamlega til vitund-
ar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir amtmanninum yfir
Suðuramtinu og Vesturamtinu og í B-deild Stjórnartíðindanna.

Veitt sýslan.

27. nóvbr. *Kand. veter. Magnús Einarsson* skipaður *dýralæknir í Suðuramtinu og Vesturamt-
inu frá 1. nóvbr. að telja.*